

OST  
Saf



# FRÉTTABRÉF SAFNMANNNA

Ritstjóri og ábm. Sigurjón Baldur Hafsteinsson  
Árbæjarsafn, IS-130 Reykjavík. Netfang: sbh@centrum.is  
6. árg. 3. tbl. 1997

## Efnisyfirlit

Söfn og ferðamennska eftir Helga M. Sigurðsson  
Undir grænni torfu! eftir Bjarna F. Einarsson  
Fundur norrænna safnfélaga í Reykjavík og  
Hvernig sel ég safnið mitt? eftir Guðnýju Gerði  
Gunnarsdóttur  
Hvíti hanskin eftir Mariu Karen Sigurðardóttur  
Námskeiðstilkynning

Félag íslenskra safnmanna  
Stofnað 17. janúar 1981

# Frá ritstjóra

## Söfn og ferðamennska

Þann 17. apríl síðastliðinn var haldinn opinn félagsfundur og var þátttaka mjög góð. Tveir frummælendur voru á fundinum, þau Helgi M. Sigurðsson og Anna Margrét Guðjónsdóttir. Ræddu þau um margvíslegar hliðar á tengslum safna og ferðamennsku og hlýtur viðfangsefnið að teljast brýnt hagsmunamál safna út um allt land. Spunnust líflegar umræður um ýmsar hliðar málsins og var m.a. rætt um:

- markaðsmál og hvernig söfn gætu/eiga að standa að auglýsingum
- opnunartíma safna, yfir sumar- og vetrarmánuðina
- merkingar á söfnum á erlendum tungumálum
- hvernig söfn geta laðað að sér erlenda ferðamenn
- hvenær æskilegt er að söfn leggi fram dagskrá að safnastarfi
- leiðsögumenn og val þeirra á ferðum/viðkomustöðum á landinu
- tengsl arfleifyðar og kynningar/sýninga safna

Erindi Helga er birt í þessu hefti og byggir það á ítarlegri grein sem hann skrifaði og birtist í *Nýrri sögu* síðastliðið haust. Erindi Önnu Margrétar byggðist á viðamikilli könnun sem gerða var á meðal ferðamanna í Reykjavík og nefnist hún „*Falleg borg sem hefur allt sem þú þarfnast.*” Í þeirri könnun er sérstaklega vikið að söfnum og könnuð viðhorf ferðamanna til þeirra. Til að fylgja þessu efni enn frekar eftir er í fréttabréfinu erindi sem Bjarni F. Einarsson flutti fyrir nokkrum misserum og ætti að vera öllum safnmönnum verðugt umhugsunarefni. Óskandi er að fleiri taki þátt í þessari umræðu og sendi ritstjóra hugleiðingar sínar um þessi mál.

## - og að lokum

Auk þess eru í þessu hefti tvær greinargerðir sem Guðný Gerður Gunnarsdóttir skrifar. Þar fjallar hún um annars vegar um þátttöku Félags Íslenskra safnmanna í norrænu samstarfi og hins vegar um námskeið sem fjallaði öðrum þræði um ímyndasköpun safna í fjölmiðlum og öðru kynningarstarfi. Að lokum má finna í þessu hefti pistil sem ber þann reyfarakennda titil „Hvíti hanskin” eftir Maríu Karen Sigurðardóttur. Þar ræðir hún verndun gripa fyrir komandi kynslóðir. Af orðum Maríu Karenar verður ekki annað skilið en að íslenskir safnmenn eigi nokkuð í land með að temja sér þá ófrávíkjanlegu reglu að nota hlífðarhanska við vinnu sína - til verndar gripunum! Hlýtur það að teljast mikilvægt fyrir söfnin í landinu að sjá gott fordæmi í fjölmiðlum og þar með talin fagleg vinnubrögð.

sbh  
sbh@centrum.is

# Söfn og ferðapjónusta

Ég var beðinn um að hafa hér nokkur orð vegna greinar sem ég skrifaði í Nýja sögu, tímarit Sögufélags, 1996 og hét Minjar og ferðamennska.

Það var ritnefndarmaður hjá Sögufélaginu sem hafði samband við mig út af þessum skrifum og það er svolítið athyglisvert að nafnið sem hann lagði til á greinina var „Þjóðararfur á sölutorgi“. Áhugi hans beindist að sölumenskunni í kringum minjar og minjasöfn, ekki síst í því landi sem hann hafði dvalið í nokkur ár á 9. áratugnum, Englandi. Nefndi hann sérstaklega „heritage centres“ í því sambandi. En hann hafði einnig á tilfinningunni að ódýr og óvönduð sölumennska væri farin að skjóta rótum á Íslandi í minjageiranum. Tekið skal fram að hann nefndi engin dæmi sjálfur þar um.

Nú, ég hef ekki komið í „heritage centres“ og veit ekki vel hvernig þau eru. Mér skilst að þau séu aðallega til á Bretlandi og Bandaríkunum, ekki Norðurlöndunum. Hins vegar fór ekki milli mála að ritnefndarmanninum þótti lítið til þessara miðstöðva koma. Þetta væru afþreyingarstaðir þar sem fólk lifði sig inn í einhverja gervifortíð. Þarna væri sem sagt verið að gera út á söguna á óvandaðan hátt, þar sem hagnaðarsjónarmið væru allsráðandi.

Spurningin sem lögð var fram fyrir mig var sem sagt sú hvort sölumennskan væri farin að ráða gangi mála í minjavörslunni á Íslandi. Ljóst er að hættan er fyrir hendi og hún kemur frá ferðapjónustunni, sérstaklega erlendum ferðamönnum.. Þeir eru orðnir um 200.000 á ári og skila inn í þjóðarþúið nálægt 20 milljörðum króna. Og þessar tölur hækka árlega um 5-10%. Það fer ekki milli mála að sjávarútvegur, stóriðja og ferðapjónusta eru langmikilvægustu vaxtarbroddar íslensks atvinnulífs um þessar mundir.

Nú vitum við að helsta aðdráttarafli fyrir erlenda ferðamenn hérlendis er náttúran, hin óspillta náttúra, og einstakar náttúruperlur. En fáir ferðamenn sem hingað koma hafa ekki einnig áhuga á fólkinu í landinu, sögu þess og aðstæðum nú. Og þetta skynja aðilar ferðapjónustunnar og þeir þrýsta á um að söfnin svari „kalli tímans“ ef svo má segja, þ.e. leggi meiri áherslu á sýningar og þjónustu almennt.

Raunar eru litlar tölulegar úttektir til á vægi minjasafna og minjastaða fyrir Ísland sem ferðamannaland. Fyrir ári síðan, þegar ég skrifaði greinina, voru aðallega til aðsóknartölur á einstök söfn. Í desember sl. kom hins vegar út skýrsla sem sýndi hlutfall erlendra ferðamanna sem sóttu söfn í Reykjavík. Eins og Anna Margrét mun segja frá reyndist það mjög hátt eða 37,3%. Og af einstökum söfnum var Þjóðminjasafnið langmest sótt og Árbæjarsafn var í þriðja sæti á eftir Listasafni Íslands. Heildaraðsókn að minjasöfnum og listasöfnum er svipuð. Ef við færum okkur út fyrir höfuðborgarsvæðið er væntanlega nær öll aðsóknin að minjasöfnum því að þar eru sárafá listasöfn.

Spurningarnar sem þetta vekja upp eru tvær. Önnur er sú hvort þessi fjárstraumur í ferðaþjónustunni og kröfur sem honum fylgja á hendur söfnunum er æskilegur eða ekki. Hin spurningin er hvernig söfnin hafa brugðist við auknum kröfum í þessu efni, hvort þau hafa nýtt breyttað aðstæður minjavörslunni og menningunni í vil eða hvort þau hafa farið út af sporinu og gleymt sér í sölumennsku.

Varðandi fyrri spurninguna þá tel ég að aukinn áhugi Íslendinga og útlendinga á íslenskum minjum ætti að vera af hinu góða. Það vandamál sem minjavarðslan hefur átt við að stríða öðru fremur er sinnuleysi. Eiginleg andstaða er aðallega á sviði húsverndar. Fólk er undantekningalítið fremur velviljað rústum og enn frekar lausum minjum. Erfiðleikar okkar stafa sem sagt einkum af hugsunarleysi og ef erlendir ferðamenn opna augu manna hérlendis fyrir gildi minja okkar þá er það vel. Ef þeir vilja auk þess borga fyrir að sjá þær er það ekki síðra. Eins og við vitum er mönnum gjarnt á að hugsa í krónum og aurum og ef bæjaryfirvöld einhvers staðar sjá fjárhagslegt gildi í kumli eða einhverju slíku þá ýtir það undir verndun þess og jafnvel rannsóknir einnig. Með öðrum orðum, auknir fjármunir frá ferðaþjónustunni gefa aukna möguleika.

Hin spurningin er öllu flóknari, þ.e. hvernig minjavarðslan og þau opinberu stjórnmöld sem hafa fjárveitingar á hendi hafa unnið úr möguleikunum. Í greininni í Nýrri sögu skoða ég starfsemi minjasafnanna á Íslandi almennt og sömuleiðis sýningahald þeirra. Niðurstaða mín var sú að ódýr sölumennska væri mjög sjaldgæf, nánar tiltekið svo gott sem óþekkt. Sú fremur ódýra sölumennska sem ég fann var ekki á vegum minjasafnanna. Má þar kannski helst nefna víkingahátíðirnar. Jólaland var svo ekki mjög óskýlt fyrirbæri.

Málið snýst sem sagt ekki um ódýra sölumennsku að því er söfnin varðar. Enda hafa erlendir ferðamenn að mínu mati ekki sérstaklega mikinn áhuga á henni? Hins vegar beinist áhugi þeirra eðlilega að þeim þætti í starfi safnanna sem þeim er boðið upp á, þ.e. sýningahaldinu. Og þar liggur hættan sjálfsagt helst, þ.e. að minjasöfnin leiðist út í að leggja óeðlilega mikla áherslu á sýningar. Það getur komið fram á ýmsa vegu. Til að mynda sé öll áhersla lögð á sýningarhúsnæði, engum fjármunum varið í geymslur og vinnurými. Einnig er hægt að skoða þetta út frá fjölda ársverka sem lögð eru í uppsetningu sýninga og þjónustu við gesti annars vegar og fjölda ársverka sem fara í eiginlega minjavörslu, söfnun, skráningu, rannsóknir, forvörslu, hins vegar. Einfaldast væri kannski að skoða hve margar krónur fara í sýningarhús og sýningarhald annars vegar og í skemmur, vinnuhúsnæði og starf að minjavörslu hins vegar.

Að því er ég best veit hafa ekki verið gerðar kannanir á þessum atriðum að neinu marki. Ragnhildur Vigfúsdóttir gerði að vísu, fyrir átta árum eða svo, úttekt á geymslum minjasafna. Ef ég man rétt var niðurstaða hennar neikvæð. Meðal annars væri lélegasta húsnæðið alltaf notað undir geymslupláss. En miklu fleiri spurningum er ósvarað.

Eitt af því sem mætti athuga er alþjóðleg regla sem til er um það hve stórt hlutfall húsnæðis á safni eigi að fara í einstaka þætti, sýningarsali, vinnuástöðu og skemmur. Sumstaðar skilst mér að söfnum sé skylt að fara eftir þeirri reglu. Spurning er hvort ekki ætti að innleiða hana hérlendis. Og jafnframt að innleiða sambærilegar reglur í öðrum þáttum safnastarfs einnig, t.a.m. fjölda ársverka í minjavörslunni samanborið við fjölda ársverka í sýningahaldi. Kannski er það góð leið til að hafa stjórn á þeim utanaðkomandi þrýstingi sem hér um ræðir.

Í oftnefndri grein minni legg ég ekki mat á hvort íslensk söfn hafi verið of sýningaglöð að undanfögnu. En augljóst er að sýningagleðin hefur stórukist, til að mynda á síðustu 5 árum, sérstaklega á landsbyggðinni. Með því er ekki sagt að það hafi verið á kostnað minjavörslunnar. Sjálfsgagt má finna dæmi um það. En einnig má finna dæmi um að það hafi styrkt minjavörsluna. Fróðlegt er að heyra skoðanir fundarins um þetta.

Annað atriði sem snýr að sýningum minjasafna er ekki um magn heldur innihald. Hvaða mynd af íslenskri sögu er kynnt á söfnum, er það sönn mynd eða glansmynd? Hefur ferðamennskan áhrif á það? Þetta er atriði sem ég kannast ekki við að hafi verið skoðað að neinu marki en væri mjög áhugavert að sjá eitthvað um. Mitt hugboð er að tilhneigingin sé til glansmyndar, sbr. að allt þarf helst að vera hreint og strokið, skrautmunir eru áberandi o.s.frv. Alveg eins mikil tilhneiging sé þó kannski til þátta eins og dramatísingur, stöðlunar og ýkna. En þetta eru bara hugboð.

Helgi M. Sigurðsson  
abs@centrum.is

Erindi flutt hjá Félagi íslenskra safnmanna 17.4.1997

# Undir grænni torfu!

Fyrir hartnær 10 árum átti ég tvö erindi að bóndabæ nokkrum norður í landi. Fyrri erindinu er ég löngu búinn að gleyma, en það síðara líður mér ekki svo glatt úr minni.

Á staðnum stóð burstabær, sem flutt hafði verið úr nokkrum árum áður og stóð hann nú frekar illa á sig kominn og í hálfgerðu reiðileysi á hlaðinu í fjandsamlegum nútímanum. Þegar ég hugðist ganga inn í bæinn varð á vegi mínum sjálf húsfreyja þessa bæjar. Sá ég þegar að hún var ekki þar hrifin af fyrirætlan minni. Því spurði ég hana hvort ekki væri í lagi að ég litaðist aðeins um inni í bænum og svarið kom jafnvel áður en ég lauk spurningunni, Nei! sagði konan, og þar við sat. Hún var óbifanleg í afstöðu sinni og sagði að það væri ekkert að sjá í þessu bólvaða hreysi, sem varla væri mannabústaður hvað þá meira.

Gamla konan gerði sér fyllilega grein fyrir því að ég væri safnmaður og hefði því trúlega áhuga á öllu því sem tilheyrði liðnum tímum. Ég gæti því vel skoðað aðra bæi annarstaðar svo lengi sem ég léti þennan bæ í friði. Í hennar bæ átti enginn lengur erindi, þar hafði farið fram líf, sem hún hafði yfirgefið fyrir fullt og allt og án teljandi eftirsjár. Það vildi hún ógjarnan vera að rifja upp núna með bláðkunnugum manni. Fyrir mig var ekkert annað að gera en að hverfa frá, enda hafði gamla konan fullan rétt á að varna mér inngöngu, inngöngu í líf, sem hún jafnvel skammaðist sín fyrir.

Þessi saga þykir mér sýna viðhorf margra Íslendinga gagnvart hluta af menningararfleifð sinni. Alveg eins og gamla konan skömmumst við okkur hálfpartinn fyrir þau húsakynni sem við bjuggum í áður fyrr. Við getum sagt að við höfum litið á þessi hús sem einskonar persónugervingu erlendar kúgunar, einangrunar og fátæktar þó að ekkert orsakasambandi hafi verið þar á milli. Þvert á móti. Hús okkar fyrr á öldum voru árangur aldalangrar aðlögunar í því umhverfi sem við bjuggum í og landið bauð okkur. Í raun og veru má halda því fram að þau efni sem notuð voru til húsagerðar hér á landi hafi verið þau bestu sem völ var á miðað við ríkjandi aðstæður, jafnvel þó að nóg hafi verið til af víði, sem yfirleitt var erlendir og gat talist finna eða æðra efni. Í upphafi byggðar var það torfið sem skipti mestu máli enda er það tvímælalaust besta efnið í þeirri veðráttu sem hér ríkir þó að margir virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því enn. Kannski vegna samskonar hugmynda og komu fram hjá gömlu konunni? Því má segja að torfið hafi verið forsenda byggðar í landinu og undir þeirri grænu torfu hafi íslensk saga að mörgu leyti farið fram. Undir grænni torfu hugsuðu helstu hugsuðir þessa lands sínar stærstu hugsanir og undir grænni torfu urðu helstu dýrgripir landsins til, þ.e.a.s. miðaldakverin okkar, og undir grænni torfu eru leyndarmál okkar um upphaf þessarar þjóðar geymd.

Getum við sagt í góðri trú að þeirri sögu byggðar í landinu séu gerð góð skil í forni endurgerðra húsa, bæði gagnvart ferðamönnum og okkur sjálfum á söfnum okkar eða annars staðar út um landið? Ég tel svo ekki vera. Töluverð áhersla hefur verið lögð á að varðveita timburhús hér á landi, og þá sérstaklega kirkjur. Hinsvegar hafa torfhúsin borið skarðan hlut frá borði í þessu sambandi og farið illa ef við tölum um hús af eldri gerð en burstabæinn frá síðustu öld. Nú má með nokkru sannni segja að möguleikar okkar á að varðveita torfhúsin hafi ekki verið miklir, blátt áfram vegna þess að þau voru horfin þegar almennt var farið að friða hús fyrir nokkrum árum. Þetta er þó reyndar skilgreiningaratriði. Öll þekkjum við gömul timburhús sem hafa verið nánast ónýtt en gerð upp með ærnum tilkostnaði. Ég nefni sem dæmi pakkhúsið á Skipalóni í Eyjafirði og Suðurgötu 7, sem nú er á Árbæjarsafni. Má ætla að endurbyggingarkostnaður sé um 120.000 kr. á fermetra sem þýðir þá að 100 fermetra hús kostar 12 milljónir í endurgerð. Meðalverð á einbýlishúsum í dag er u.þ.b. 95.000 kr. á fermetra. Munurinn er því rúm 26%. Ég vil taka fram að þessar tölur eru viðmiðunartölur og ber að taka með ákveðnum fyrirvara. Ég er þó í vafa um að það sé mikið dýrara að gera upp hrúnið torfhús enda um nýsmíði að ræða eins og oft vill verða um timburhúsin.

Ég tel að ástæða þessa mismunar á vali og beinlínis villandi áherslu á endurgerð gamalla húsa hér á landi sé trúlega ómeðvituð tilfinning okkar um fortíðina sem gamla konan lét svo vel í ljós. Af þessu verðum við að láta og setta okkur við þá staðreynd að íslensk menning var eins og hún var og þar skipar torfhúsið sama sess og píramítinn skipar í sögu Egyptalands. Ég vil sérstaklega taka fram að með þessum orðum er ég ekki að gagnrýna það starf sem fram hefur farið varðandi húsafriðun, heldur aðeins að koma á framfæri álitinu mínu um nauðsyn þess að breyta um áherslur.

Snúum okkur nú aðeins að ferðamönnum. Getum við verið viss um að þeir ferðamenn, sem hingað koma, kjósi fremur að sjá falleg timburhús danskra kaupmanna en íslenskan torfbæ? Getur verið að það skipti þá máli að veggirnir séu þiljaðir og að á gólfum sé timbur? Getur verið að þeir vilji fremur líta fjögurra metra háan torfvegg en eins metra lágan og þá er ég að vísa til Þjóðveldisbæjarins. Svar mitt er - alls ekki. Ferðamenn vilja fyrst og fremst sjá hlutina í sínu rétta samhengi, án skrums og skælingar og helst það sem er ólíkt þeirra eigin menningu. Flestir ferðamenn eru löngu vaxnir upp úr hugsanlegum forðumum um einstök lönd og þeirra menningu. Það ættum við einnig að vera.

Undanfarið hefur ný þjónusta við ferðamenn verið talsvert í umræðunni og á ég þá við svokallaða víkingaleiki í Hafnarfirði og meint víkingayfirbragð sem tengist einum veitingastað þar í bæ. Og þann 10. maí síðastliðinn var stafhús eins og það var kallað opnað eða vígt Freyju á staðnum. Nú er allt gott um þessa framtaksemi þeirra Hafnfirðinga að segja svo framarlega sem því er ekki haldið að fólki að um nákvæmar

eftirlíkingar sé að ræða eða á bak við verkið standi sérfræðingar, því að svo er alls ekki. Er þetta frekar í ætt við Disney-land eða tívolí en einhvers konar víkingaveruleika. Annað dæmi um víkingatengda starfsemi er þegar reisa átti hof í Grindavík. Það var fyrst og fremst hugarfóstur þeirra sem að þeirri framkvæmd vildu standa, en ekki sérfræðinga á sviðinu. Þar var því þó beinlínis haldið fram að um vísindalega framkvæmd væri að ræða og það er alvarlegt. Þá er verið að sigla undir fölsku flaggi. Sveitarstjórnarmenn gætu t.d. hugsanlega fallið í þá gryfju að trúá því að fræðilegur grunnur væri á bak við framkvæmdirnar og því auðveldara fyrir þá að láta fé af hendi rakna til framkvæmdanna, alls óvitandi um hættuna.

Þessi dæmi sýna hvað sem öðru líður eitt, og það er að til er áhugi á fortíðinni í sambandi við ferðamenn og trúlegast komin þörf fyrir endurgerð húsakynna frá ýmsum tímum, aðallega þó landnámsöld. Og auðvitað reyna einkaaðilar að uppfylla þessa þörf og án stuðnings, frumkvæðis eða fordæmis frá minjavörslunni. Útkoman verður því miður ekki betri en raun ber vitni út frá fræðilegum sjónarmiðum. En á að gera slíkar kröfur til einkaaðila og á að gera fræðilegar kröfur yfirleitt í þessum efnum? Svarið við þeirri spurningu er að mínu viti bæði já og nei. Ekki er beinlínis hægt að gera fræðilegar kröfur til einkaaðila nema ef almannafé er notað til framkvæmdanna. Hins vegar ættu einkaaðilar sjálfir að gera þær kröfur til sjálfs sín ef þeir vilja vera trúverðugir. Gervimennska og skrumskælingar eru aðeins skammtímalausnir sem koma okkur í koll fyrir eða síðar. Það er með öðrum orðum léleg fjárfesting í menningarsögu fyrir ferðamenn að bjóða upp á lélegar eftirlíkingar og heimasmiðaðan víkingaveruleika. Því er að mínu áliti bráðnaðsynlegt að ríkisvaldið eða aðrir opinberir aðilar bjóði eitthvert mótvægi við það sem þegar er risið og mun rísa og ég hef verið að minnast á hér að framan, bæði fyrir ferðamenn og ekki síst einkaaðila til að læra af. Ekki má heldur gleyma þeim áhrifum sem öll endurgerð getur haft á viðhorf almennings, bæði léleg endurgerð og góð. Þannig er hægt að lauma inn í vitund manna fölskum sannindum um fortíðina og þá verður erfiðara að ræða raunverulega hluti og það gæti síðan hamlað eðlilegri fræðilegri umræðu og jafnvel rannsóknnum. Tökum hofið áðurnefnda sem dæmi. Ætli Grindvíkingar viti að ekkert hof er þekkt á Íslandi né í Noregi frá víkingaöld sé út í það farið? Öll meint hof hér á landi hafa sýnt sig vera eitthvað annað svo sem gripahús, útihús og jafnvel íveruhús.

Spyrja má hvort einhver eðlismunur sé á því hvar og hvernig menningarsaga okkar er kynnt. Myndum við t.d. setta okkur við að Jón Jónsson gæfi út bók þar sem allur málatalibúningur væri hans eigin hugarsmið úr lausu lofti gripin og eina viðmiðunin væri hve margar bækur mætti selja. Myndum við setta okkur við að Mr. John Doe myndi gera sjónvarpsmynd um menningarsögu okkar þar sem hans hugmyndir einar fengu að ráða án nokkurra tengsla við almenna þekkingu og þar



sem eina viðmiðunin væri seljanlegur eintakafjöldi? Eigum við að gera meiri kröfur til hins ritaða máls en annarra miðla? En endurgerð á sögulegum húsum og leikir úr fortíð eru eins konar miðill þó sérstakur sé. Auðvitað gætum við hvorki stoppað né bannað Jóni Jónssyni né John Doe að gefa út afurðir sínar. Hins vegar ef betra efni væri á boðstólum annars staðar væri varla sá markaður tiltækur að það borgaði sig fyrir þá að fara út í áðurnefnda útgáfu. Við verðum að trúá því að Jón Jónsson og hin erlendi nafni hans hafi einhverja sjálfsvirðingu.

Að síðustu langar mig að reyna að svara spurningunni: hvað er til ráða í þessum efnum?

Eins og fram hefur komið hér að ofan tel ég að komin sé þörf á að miðla menningarsögu þessa lands á fleiri vegu en nú er gert og þá sérstaklega með endurgerð einstakra húsa frá ýmsum tímum í huga. Spurningin er hver á að hafa frumkvæði að slíkri miðlun. Í mínum huga er það engin spurning að hana á minjavarslan að hafa og þá einkum og sérílagi yfirvald minjavörslunnar, Þjóðminjasafn Íslands.

Það er athyglisvert og jafnvel eilítið undarlegt að ekkert landnámsbýli er til í endurgerð hér á landi hjá sjálfri söguþjóðinni. Aðeins eitt býli frá miðöldum eða Sturlungaöld er þó endurgert og það er Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal og við hann er margt að athuga þó að ég láti það kjurt liggja.

Ég el þá frómu von í brjósti að þessu verði breytt innan ekki of langs tíma. Ég vil sjá að byggt verði landnámsbýli með öllu tilheyrandi, einhverstaðar úti á landi. Eg sé þetta fyrir mér sem einskönar miðstöð, sem þjónaði ekki eingöngu ferðamönnum, heldur almenningi öllum, skólafólki og ekki síst vísindunum. Slíkur staður þarf því að uppfylla mörg skilyrði. Hann verður að hafa gott aðgengi fyrir ferðamenn, almenning og skólafólk og hann verður að vera byggður samkvæmt ströngustu vísindalegum kröfum sem fræðimenn einir setja upp.

Slík miðstöð á ekki einasta að vera þögull og hlutlaus sýningarstaður þar sem dauðir hlutir liggja einmitt dauðir, heldur lifandi staður þar sem sýnikennsla og rannsóknir færu fram jöfnum höndum. Þar væru skinn verkuð, járn framleitt og hamrað, bein skorin út, ull þvegin, kembd og spunnin, matur hengdur til þerris og reyktur, o. s. frv. Starfsfólkið gengi í klæðnaði sem trúlegt er að landnámsmenn Íslands hafi gengið í og á staðnum allar þær skepnur sem þeir höfðu, eins og nautgripir, hestar, kindur og geitur, svín, fiðurfé, hundar og jafnvel kettir og þau nýtt eins og við teljum að hafi verið. Öll væru þau með ungvíði ef hægt er.

Á svæðinu væru öll hús byggð sem forðum tilheyrðu búskapnum, svo sem skáli, fjós, önnur gripahús, jarðhýsi, búr, eldhús, reykhus, sofnhús (þ.e. kornþurrkunarhús) og smiðja. Ef miðstöðin væri byggð við sjávarsíðuna þyrfti að auki naust og bát.

Beinir rannsóknarþættir, sem athyglisverðir væru, gætu verið rannsóknir á einangrunareiginleikum torfhúsa með tilliti til viðarþarfar. Hversu heppilegt væri að nota dýrabein í bland við eldivið í uppfitun húsakynna? Hver væri munurinn á torfveggjum og grjóttveggjum í þessu sambandi? Hversu háir eiga torfveggirnir að vera svo að skynsamlegt sé? Hversu bratt þarf þakið að vera og hversu sverar þurfa stoðirnar að vera? Hvernig er að þurrka mat við þessar aðstæður? Hvernig gagnast húsin að vetri til og hvernig er reykvandamálið leyst, sé um það að ræða? Hvað þarf yfirleitt til svo að mannskepnan og aðrar skepnur lifi af og dafni við íslenskar aðstæður?

Allar þessar spurningar snúa að byggingartæknilegum þáttum, en vel má hugsa sér aðra þætti sem snerta skepnuhald allt, grastekju, sjósókn og aðra veiði. Hvað er heppilegasta samsetning á skepnum með tilliti til sjálffurftarbúskapar og hvernig er maturinn best geymdur í tengslum við hann? Er súrmeti skynsamleg lausn á vandamálum matargeymslu? Eins má ímynda sér spurningar sem tengjast klæðnaði, hráefni allskonar, staðsetningu húsa í landslaginu o. s. frv. o. s. frv. Möguleikarnir eru endalausir og spurningarnar sömuleiðis. Hér læt ég þó staðar numið.

Ég vona að enginn hafi misskilið hið eiginlega markmið mitt með þessu erindi, sem var að vara við ákveðnum hættum á sviði menningartúrisma en jafnframt benda á möguleika sem við eigum í þessum efnum. Í þessum starfi verður fagmennska að vera í fyrirrúmi líkt og í öðrum iðnaði. Ég tel að við höfum ekki efni á því að kasta til hendinni með jafn dýrmætt hráefni og þá á ég bæði við menningarsöguna sjálfa og grasið græna.

dr. Bjarni F. Einarsson  
bjarnif@natmus.is

Erindi flutt á ráðstefnu um „Grænan túrisma” 19. maí 1995.

# Fundur norrænna safnfélaga í Reykjavík

Eins og áður hefur komið fram í fréttabréfinu þá hefur Félag íslenskra safnmanna tekið þátt í samstarfi norrænna safnfélaga undanfarin ár. Fundir hafa verið haldnir reglulega frá árinu 1993 og nú var komið að okkur að vera gestgjafar. Fundurinn var haldinn dagana 3.-5. apríl s.l. og þar voru mættir fulltrúar frá stjórnnum norrænu félaganna, og einnig endurmenntunarhópurinn sem starfað hefur með stjórnarhópnum. Ennfremur fulltrúar frá Færeyjum og Grænlandi, þó þar starfi ekki safnfélag.

Eins og oft áður var reynt að blanda saman gamni og alvöru, og auk fundarhalds gafst tækifæri til að sýna gestunum nokkur söfn og spjalla yfir mat og drykk. Fundurinn hófst með heimsókn í Þjóðminjasafnið en lauk í safni Einars Jónssonar. Þar á milli voru fundarhöld í Norræna húsinu. Helstu mál á dagskrá fundarins voru norrænt samstarf safnfélaga, og endurmenntun safnmanna, en hvorutveggja hefur verið rætt áður á fundum hópsins. Það var strax ljóst í upphafi þessa samstarfs að menntun safnmanna brennur á fólki allsstaðar og þess vegna var ákveðið árið 1994 að stofna sérstakan endurmenntunarhóp. Sá hópur sá um að skipuleggja námskeið sem haldið var í Noregi haustið 1996 og lýst er hér í fréttabréfinu á öðrum stað.

Í umræðum um þýðingu norræns samstarfs fyrir söfn kom fram að menn telja mikilvægt að halda samstarfi áfram og m.a. með sameiginlegu námskeiðum og vinnuskiptum. Grundvöllur samstarfs er að allir hafi greiðan aðgang að upplýsingum. Það hefur verið reynt að miðla upplýsingum milli safntímaritanna en það virðist þurfa meira til að tryggja upplýsingastreymi, jafnvel sérstakt fréttabréf, en þá kemur að fjármálum. Ekki var komist að niðurstöðu í þessu máli en það verður kannað hvort norræna safnanefndin getur stutt við slíkt framtak. Í framhaldi af þessu var rætt um hvort norrænir safnmenn geti nýtt sér alnetið.

Fulltrúi Íslands í norrænu safnnefndinni, Hrafnhildur Schram, greindi frá starfi nefndarinnar. Safnnefndin er skipuð af norrænu ráðherranefndinni og er henni til ráðuneytis um málefni safna og á einnig að hvetja til umræðu um þau með því að halda ráðstefnur og efna til sýninga. Nefndin hefur látið gera könnun á því hver sé reynsla safnafólks af norrænu samstarfi og afstöðu manna til þess. Gunilla Cedrenius sem vann könnunina kynnti heistu niðurstöður hennar, sem hafa birts í skýrslunni Musernas erfarenhet av nordisk samverkan. Informellt, enkelt og obyrákrátskipt. Helstu niðurstöður voru þær að norrænir safnmenn eru mjög jákvæðir gagnvart norrænu samstarfi, og að það samstarf hefur mikið verið byggt á persónulegum samböndum, og er óformlegt, einfalt og laust við skriffinnsku, eins og kemur fram í undirtitli skýrslunnar. Norræna safnnefndin hefur sett fram tillögur um að komið verði á vinnuskiptum milli norrænna safna, og hefur verið í

samstarfi við stéttarfélögin um það. Aðalumræðu efni fundarins voru menntunarmál safnmanna. Gerð var grein fyrir því hvernig menntun safnmanna er háttað í hverju landi, bæði grunnmenntun og endurmenntun. Ljóst er að málum er nokkuð misjafnlega skipað eftir löndum, þó má greina nokkrar meginlínur. Norrænir safnmenn eru yfirleitt með háskólapróf í hinum s.k. safnagreinum sem eru fornleifafraeði, listasaga, þjóðháttafraeði, eða sagnfraeði og þeir sem starfa á náttúrugripasöfnum í náttúrufræðum. Safnfræði, museivetenskap eða museologi, er kennd í Gautaborg, Umeå og Jyväskylä. Safnfélögin standa yfirleitt fyrir endurmenntun í formi námsskeiðahalds. Í Danmörku starfar Museumshöjskolen, sem heldur fjölbreytt námsskeið fyrir starfsfólk safna. Færeyingar og Grænlandingar sækja yfirleitt háskólamenntun sína til Danmerkur og safnafólk þar sækir líka námskeið Museumshöjskolen.

Þetta leiddi yfir í umræður um samstarf í endurmenntunarmálum. Reynslan af norrænum námsskeiðum er góð, og er fullur vilji til að halda áfram. Það virðist vera samstaða um að norrænu námskeiðin eigi að vera viðbót við þau námsskeið sem félögin halda og miðast fyrst og fremst við stjórnendur safna. Stefnt er að því að halda næsta norræna námsskeið í Stokkhólmi haustið 1998 og býðst sænska safnafélagið til að annast framkvæmdina. Sótt verður um styrk til norræna menningarsjóðsins og einnig athugað með frekari sjóði. Endurmenntunarnefndinni var falinn undirbúningur námsskeiðsins. Fyrstu hugmyndir um efni námskeiðsins voru viðraðar. Mönnum eru aldamótin ofarlega í huga og efni tengt slíkum tímamótum. Hvernig eiga söfn að mæta næstu öld? Tímamót í öðrum skilningi eru einnig framundan, kynslóðaskipti í röðum safnmanna eru fyrirsjáanleg, en stór hópur safnmanna á Norðurlöndum kom til starfa á sjöunda áratugnum. Fortíðin-nú tíðin-framtíðin. Þetta verður viðfangsefni næsta námsskeiðs.

Samþykkt var að stefna að næsta fundi í Noregi haustið 1998. Það er mikilvægt fyrir íslenska safnmenn að þeir taki áfram þátt í samstarfi norrænna safnmanna.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
akmus@nett.is

# Hvernig sel ég safnið mitt?

Í október síðastliðnum safnaðist hópur norræna safnmanna saman í Granavolden Gjestgiveri, í Haðalandi, norðan við Oslo. Í yndislegu haustveðri í mikilfenglegu umhverfi dvöldu 40 safnmenn frá öllum Norðurlöndum að Færeyjum og Grænlandi meðtöldum, við nám í fjóra daga. Dagsskráin var byggð upp á þann hátt að teflt var fram nokkrum stjórnendum menningarstofnana, sem sögðu reynslu sína af því að byggja upp stofnun eða að breyta ímynd eldri og oft íhaldsamra stofnana. Að auki voru verklegar æfingar, þar sem fjölmiðlafólk leiðbeindi um samskipti við stjórnsmálmenn og fjölmiðla.

Ellen Horn er norsk leikkona, sem verið hefur þjóðleikhússtjóri Norðmanna undanfarin ár. Þegar hún tók við því starfi var leikhúsið mjög illa statt fjárhagslega og það hafði haft áhrif á allt starf hússins. Hún sagði frá reynslu sinni við að breyta ímynd hússins, samkeppnina um athygli fjölmiða og hvernig hún hefur farið að því að finna kostendur til að rétta við fjárhaginn. Þessi kraftmikla kona lauk frásögn sinni með einkunnarorði sem getur orðið öðrum hvatning: Sá sem ekki tekur frumkvæðið, verður rændur frumkvæðinu.

Bertil Falck er þekktur á Norðurlöndum sem skipuleggjandi og stjórnandi bókasýningarinnar í Gautaborg, sem er orðin árlegur viðburður. Hann fjallaði m.a. um stjórnunarstefnu sína sem felst að hans mati í tvennu: að hafa skýra stefnu og ánægt starfsfólk. Trú á sjálfan sig og það sem maður er að gera spillir ekki heldur! Bertil hefur einnig skipulagt safnasýningu, eða Museimässa, sem verður haldin í annað sinn haustið 1998.

Jaakko Lehtonen, finnskur fræðimaður og prófessor í fjölmiðlafræðum, fjallaði um vandamálin við að markaðssetja menningu og samskipti ólíkra hópa í þjóðfélaginu. Opinberar stofnanir verða stöðugt að réttlæta tilveru sína bæði gagnvart almenningi og stjórnmalamönnum. Til að öðlast pólitískan stuðning verða stofnanir að vera í góðu álit hjá almenningi, því enginn stjórnmalamaður vill tala fyrir stofnun sem allir hafa skömm á. Söfnin eru í samkeppni við aðrar stofnair um fé, en mesta samkeppnin er um hylli almennings.

Michael Day er safnstjóri á Ermasundseyinni Jersey. Hann hefur á fjórtán árum byggt upp safnastarf á stað þar sem söfn og minjar eru dreift um alla eyju en rekin undir sama hatti Jersey Museum Service. Titill í fyrirlestri hans Touchin peoples lives. Developing and managing museums for our community and its vistors, gefur til kynna hverjar áherslur hans eru. Stefna hans er sú að koma sem mest til móts við óskir og þarfir gestanna og einkunnarorðin eru Visitors are neither thieves nor academics! Honum hefur einnig tekist að virkja eyjaskeggja til starfa fyrir safnið, og hann leggur áherslu á að hafa gott samstarf við stjórnmalamenn, m.a. með því að bjóða þeim reglulega út að borða!

Jersey er mikil ferðamannaeyja og um helmingur rekstrarfjár aflar safnið sjálf.

Leiðbeinendur í verklega þættinum voru þrír, allt þrautreynt fólk á sínu sviði. Anne Marie Tannés, er upphaflega guðfræðingur, en hefur starfað lengi sem vinnusálfræðingur og er ráðgjafi allmargra stórra fyrirtækja. Hún er einnig háskólakennari og þar að auki fyrrverandi sveitarstjórnarmaður. Hún miðlaði af mikilli þekkingu sinni á mannlegum samskiptum og gaf góð ráð um hvernig hægt er að örva bæði sjálfan sig og samstarfsmenn til góðra verka. Hún sagði mjög skemmtilega frá reyslu sinni sem stjórnamálaumaður og leiðbeindi okkur um það hvernig á að tala máli sínu við stjórnmalamenn.

Og þá var komið að fjölmiðlum. Jon Gelius, fréttamaður hjá norska sjónvarpinu, fjallaði um samskipti við þann miðil. Hann var vægðarlaus og taldi að safnafólk væri alltof varkárt og hefðbundið í aðferðum sínum við að koma söfnum sínum á framfæri. Æfingar hans fólust í því að skrifa fréttatilkynningar og setja á svið viðtöl og blaðamannafund, þar sem hluti þátttakenda var í hlutverki stjórnenda fyrirtækis en hinir áttu að leika grimma fréttamenn. Hlaust af þessu mikil skemmtun. Þrautreynd útvarpskona Inger Johanna Agerup, kenndi okkur á þann miðil og kom okkur á óvart með því að mæta með alvörugræjur og vildi taka viðtöl á band, en þá vaðist sumum tunga um tönn. Enn eitt skemmtilegt innslag var að á námsskeiðinu voru tveir nemar í blaðamennsku, sem fylgdust með því sem fram fór, tóku viðtöl við þátttakendur og gáfu svo út veggblað daglega.

Það var einróma álit allra sem þarna voru að vel hefði til tekist, að minnsta kosti túlkaði undirbúningsnefndin að svo hlyti að vera, því að í lokahófinu var strax spurt að því hvenær næsta námsskeið yrði. Það eru nokkrir þættir sem ég tel að hafi ráðið úrslitum um að námsskeiðið tókst svo vel. Allur undirbúningur og skipulag var vel unnið, en norska safnafélagið, NKKM, sú um alla framkvæmd. Dagsskráin var vel uppbyggð, góður tími áætlaður fyrir hvern þátt svo aldrei skapaðist vandræðagangur vegna tímaskorts. Einvalalið fyrirlesara og leiðbeinenda, allt fólk með mikla reynslu og persónutöfra, sem tókst að koma boðskap sínum skýrt til skila. Staðsetningin, fallett umhverfi og menningarlegt, gistiheimili utan þéttbýlis, tvær miðaldakirkjur, þar sem boðið var upp á tónleika, átti mikinn þátt í því að það skapaðist mikill einhugur og góð stemming. Við Íslendingarnir sem tókum þátt í þessu námsskeiði, sem voru auk undirritaðrar, Guðrún Kristinsdóttir og Lilja Árnadóttir, fannst eins og öllum hinum að við hefðum lært ótalmargt og eignast marga nýja vini.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
akmus@nett.is

# Hvíti hanskin

- Örstutt um meðhöndlun safngripa -

**F**lutningar síðustu íslensku handritanna frá Danmörku hafa mikið verið í sviðsljósinu að undanfögnu. Eins og gefur að skilja erum við þakklát Dönum fyrir að hafa varðveitt handritin, og sem meira er, að hafa lagt fjármuni og þekkingu í viðgerðir. Og nú eru næstum öll handritin komin heim, komin í vörslu Íslendinga. Með öðrum orðum, það er okkar að viðhalda þessum þjóðargæsemum. Við höfum allan aðbúnað til þess en spurningin er, kunnum við að meðhöndla þau rétt.

Nú á dögnum var, í fréttatíma sjónvarps, viðtal við starfsmann frá Det Arnæmagniske Institut í Kaupmannahöfn. Hann hélt á íslensku handriti í hvítum hönskum. Hversvegna í hönskum; einfaldlega vegna þess að hanska á alltaf að nota þegar safngripir eru meðhöndlaðir. Þeir eru ekki ætlaðir til að verja okkur gegn óhreinindum, þó þeir geri það í og með, heldur fyrst og fremst til að verja gripina gegn okkur. Þegar við snertum hluti skiljum við fingraför eftir okkur, og þau eru ekkert annað en fita og sýrur. Leður, pergament, pappír - allt er þetta afar viðkvæmt fyrir fitu og sýru. Pappírinn er sérstaklega viðkvæmur. Pappír er rakadrægur og þegar við snertum hann berhent, dregur hann fituna og sýruna í sig. Enda eru brúnleit horn blaðsíðna mjög algengar skemmdir. Þetta vita Danir, þeir vita að ef handritin eru sí og æ meðhöndluð án hanska munu fitan og sýran skaða handritin. Síðan koma handritin heim og maður sá í ýmsum fjölmiðlum hvar, annars hæfir starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar, þeir hinir sömu og eiga að varðveita gæsemirnar, blaða ákafir í þeim - berhentir.

Sama má segja um meðhöndlun handrita í Þjóðarbóklöðunni. Fyrir fáeinum mánuðum var viðtal við starfsmann hennar í Morgunblaðinu, en hann kvartaði yfir fjármagnsleysi í tengslum við handritaviðgerðir. Ég tek heilshugar undir orð hans, en hann hefði mátt sýna meiri varkárni og nota hanska þegar hann meðhöndlaði handritið sem hann hélt á. Því miður eru þetta ekki einu dæmin sem ég hef orðið vör við, á síðustu tveimur árum.

Rétt meðhöndlun skiptir miklu máli, gæta þarf þess vel að vera ekki alltaf að snerta safngripa í tíma og ótíma. Það er engin tiviljun að á söfnum má sjá miðana „Don't touch“ eða „snertið ekki“.

Forvarsla er framandi orð fyrir marga, en forvarsla þýðir að fyrirbyggja eða eins og íslensk orðabók Máls og menningar segir „nægjanleg varsla til að verja skemmdum“. Bedre er at forebygge end helbrede, segir á dönsku, það er mikið sannleikskorn fólgið í þessari setningu. Enda eru forvarnir mjög áhrifarík sparnaðarleið, og ein þeirra er að nota hvíta bómullarhanska - þeir fást í næsta apóteki.

María Karen Sigurðardóttir  
abs@centrum.is

# Fyrirbyggjandi forvarsla - námskeið

Dagana 27.- 29. október mun Íslandsdeild félags norræna forvarða standa fyrir námskeiði í fyrirbyggjandi forvörslu fyrir safnamenn. Námskeiðið verður haldið á Þjóðskjalasafni Íslands í Reykjavík. Nánari upplýsingar um námskeiðið verða sendar út fljótlega til félagsmanna í Félagi Íslenskra safnmanna. Þeir sem hafa áhuga á að fræðast meira um námskeiðið geta haft samband við Kristínu í síma: 552-3827 eða netfang: khs@treknet.is.

## Tilkynning

Nú eru bæði Minjasafnið á Akureyri og Minjasafn Austurlands komin með netföng.

- Netfang Minjasafnsins á Akureyri er: [akmus@nett.is](mailto:akmus@nett.is).
- Netfang Minjasafns Austurlands er: [minaust@eldhorn.is](mailto:minaust@eldhorn.is)

ATH. Félagsmenn eru beðnir um að senda ritstjóra fréttabréfsins upplýsingar um ráðstefnur, greinar, bækur og annað sem komið getur safnafólki til góða.

**Stjórn Félags Íslenskra safnmanna óskar félagsmönnum  
gleðilegs sumars!**